

Ástralski hveitiræktarfræðingurinn Lindsey O'Brien er reglulegur gestur hér á landi

Viðskipti með búvörur og sjúkdómavarnir geta vel farið saman

Um jólin hitti blaðamaður Bændablaðsins að máli einn þeirra sem koma gjarnan í heim-sókn til Íslands um jólafeytíð. Þessi er óvenjulegt að kominn því hann telst til andfælinga okkar, býr að öllu jöfnu úti í sveit í Narrabri í Nýja Suður-Wales, um sjö tíma keyslu frá höfuðborginni Sydney. Ástæðan fyrir því að hann leggur leið sína reglulega til Íslands er sú að hann er giftur íslenski konu, Sólveigu Einarssdóttir (Olgeirssonar).

Lindsay O'Brien heitir þessi gestur og hefur unnið við kynbætur á hveiti í 41 ár. Loftslagið á þessum slóðum er svipað og við Miðjarðarhafið og megnið af árs-urkomunni fellur að vetrarlagi. Hann hefur einnig sinnt ráðgjöf við hveitiræktendur norðar í landinu sem er nær hitabeltinu en þar fellur megnið af úrkomunni á sumrin. „Þarna er landbúnaður stundaður með mismunandi hætti og aðstæður kalla á mismunandi hveitirækt.“

Fyrir nokkrum árum hóf Lindsay að ala upp og kynbæta kálfa. „Þetta var gert til þess að hafa eitthvað við að vera eftir að ég fer á eftirlaun og það er góð tilbreyting frá hveitiskynbótum. Ég nýti mér nýja þekkingu á úrkomunni á sumrin og reyni að þróa nýja eiginleika hjá Santa Gertrudis kálfum. Það eru holdanaut sem nýta fæðing mjög vel og henta því vel á harðbýlum svæðum. Hins vegar er kjötíð af þeim fremur gróft og lítið fitusprenget. Þess vegna er ég að reyna að blanda þeim við evrópsk holdakyn sem eru með mjúkt og vel fitusprenget kjöt í því augnamiði að fá þannig kjöt af kálfum sem nýta fæðing eins vel og Santa Gertrudis kynið gerir.“

Þetta hefur þegar skilað þeim árangri að kálfarnir halda í fæðunýtinguna og eru vel á fæðu kommir með að fá hæstu einkunn fyrir mjúkt og vel fitusprenget kjöt.

Fimm þurkaðir á sjó árum

Í fréttum hefur verið sagt frá viðvarandi vandamálum í ástralskri hveitirækt vegna þurrka. Hvernig er staðan núna?

„Þurrkar eru hluti af þrífri ástralskra bænda. Ástralía er þurr álfa og við erum vón því að bjarga okkur með 400 mm meðalárs-úrkomu sem er ansi lítið (til samanburðar má nefna að meðalúrkoman á Íslandi er um og yfir 1.000 mm). Bændur hafa mætt því með því að vera með stórar jarðir, meðaljörð hveitiræktanda í nágrenni við mig er á bilinu 3-4.000 hektarar. Með því tekst þeim að draga úr hlutfalli breytilegs kostnaðar, svosem af áburði og öðrum eignum, olíu og véllum. Veðurfarið veldur því að miklar sveiflur eru í afkomunni. Meðaluppskeran er um þrjú tonn á hektara en ef við tökum fimm ára tímabil er kannski rívó ár í meðallagi, eitt ár er uppskeran fimm tonn á hektara og tvö ár ekki nema 1-1,5 tonn. Það segir okkur að það er tap á rekstrinum í tvö ár, tvö ár stendur hann í járnum og eitt ár skilar hagnaði.“

Staðan er sú að á síðustu sjö árum hafa verið fimm þurkaðir. Þetta hefur haft þau áhrif að fjöldi bænda er það sem kallað er tæknilega gjaldþrota. Það merkir að eina ástæðan fyrir því að þeir eru enn í rekstri er sú að bankinn þeirra veitir að ef hann gerir þá upp situr hann uppi með óseljanlegar jarðir. Þeir getu kannski selt þær stórfyrirtækjum í landbúnaði en það þýkir ekki pólitískt verjandi. Bankamenn vega eins og aðrir að fjölskyldubúin eru undirstaða þess að byggingin haldist við í strjálbýlinu, án þeirra hryrn

félags- og stoðkerfið, skólum og sjúkrahúsum þarf að loka og verslunar fara á hausinn. Það hefur þegar orðið töluverð grísjun á landsbyggðinni. Þar sem við búum eru nú um 100 km á milli þéttbýlisstaða. Áður voru minni þorp á milli þeirra en þau eru að heita má horfin.“

Hafið náð góðum tökum á aðstæðum

Þurrkar eru ekki beinlínis sá vandi sem helst stendur íslenskum landbúnaði fyrir þrífum, það væri frekar of mikil úrkoma.

„Já, það glímur hver við sinn vanda. En ég fæ nú ekki annað séð en að þið hafið náð ágætum tökum á þeim skilyrðum sem ykkur eru búin. Þið hafið langa reynslu af því að rækta gras og það gengur upp í loftslagi ykkar. Íslenskt lambakjöt er með allra besta kjöti sem fæst í heiminum og það segir mér að hér hefur verið vel staðið að kynbótum um langa hríð. Það sama gildir um mjólkurgæðin.“

Lindsey hefur rætt við íslenska kornræktarfræðinga og hefur áhuga á að koma á samstarfi við þá um kynbætur á korni. „Þið hafið lengi átt í samstarfi við nágrannabjóðir ykkar með góðum árangri, en það er aldrei að vita nema hjá okkur leynist einhverjir erfðaeiginleikar sem þið getið hagnýtt ykkur og öfugt. Það geta allir lært af öllum í þessum efnum eins og öðrum.“

Vissulega eru aðstæður ólíkar en við höfum talsverða reynslu af því að laga evrópskar kornreglur að loftslagi Ástralíu og Tasmaníu þar sem ekki er eins hlýtt. Þær þurftu að venjast nýju loftslagi, ólíkum árstjóðaskiptum og óþekktum sjúkdómum og skordýrum. Í þessari sögu urðu oft miklar sviptingar og á stundum sveif framtili landnámsins í Ástralíu í lausu lofti vegna langvarandi þurrka og annarra áfalla sem kornræktin þurfti að glíma við.“

Hvert skal halda?

Lindsey segir að útlitið í byggirækt hér á landi sé ágætt. Það sé búið að vinna vel að kynbótum og nú sé spurningin hvort bændur séu viljugir til að skipta úr grasrækt yfir í kornrækt.

„Mér sýnist þið vera á því stigi að nú þurfi menn að takast á hendur töluverðar fjárfestingar ef ætlunin er að þróa kornræktina áfram og auka hana umfram eigin þarfir ræktendanna. Þar á ég við vélakost til uppskeru og þurrkunar, húsnæði til verkonar og geymslu og þess háttar. Auk þess þarf að huga að því koma upp dreifikerfi og markaði fyrir kornið. Það þarf líka að svara spurningum um frekari vinnslu á bygginu, hvort það á einungis að nota í fæðu fyrir kýr, svin og kjúklinga eða vinna það meira til notkunar í þjórgæði eða til manneldis. Allt þetta þarf að veita og meta með tilliti til þess hversu hagkvæmt íslensk kornrækt er í samanburði við innflutt korn.“

Það getur hins vegar verið hagkvæmt fyrir bændur að vera með kornrækt samhliða grasræktinni til þess að auka stöðugleikann í fæðuöfluninni.“

Niðurstaða Lindsey um íslenska kornrækt var sú að sennilega þyrftu Ástralíar ekki að óttast mjög íslenska samkeppni á alþjóðamarkaði. Það gildi um íslenskan landbúnað að hann yrði seint samkeppnisfær í magni og þyrfti því að leggja höfuðáhersluna á gæði og sérstöðu.

Áhættumat er nauðsynlegt

Í framhaldi af því snerist talið að matvælafrumvarpinu og þeim

breytingum sem það boðar fyrir íslenskan landbúnað.

„Ísland og Ástralía eiga það sameiginlegt að vera eyríki þar sem hafið hefur verið virkur þróskuldur í vegi fyrir innflutningi á sjúkdómum og þar með vörn fyrir landbúnað. Við erum ekki langt frá Asíu þar sem heilbrigðisástand dýra og jurta og eftirlit með því er ekki það sama og í Evrópu. Á báðum stöðum þarf þó að leggja mat á hættuna sem af innflutningi getur stafað, einkum af sjúkdómum sem ekki eru landlægir. Þetta þurfið þið að meta út frá því hversu mikilvægur landbúnaðurinn er fyrir íslensku þjóðina, bæði hvað varðar matvælaöryggi, en ekki síður hvað varðar efnahagslegt og félagslegt hlutverk hans.“

Í Ástralíu höldum við upp nokkuð öflugum vörnum gegn sjúkdómum en lendum samt í því af og til að fá yfir okkur sjúkdóma sem valda usla. Eitt dæmi þess er hestainflúensan sem barst með erlendum vöðlaupahestum fyrir tveimur árum. Þá hafið verið við lýði söttvamarkefni sem tekið var upp vegna Ólympíuleikanna í Sydney árið 2000. En þarna gerðist það að hestur slapp í gegnum heilbrigðiseftirlit með veikina og smitaði alla hestana sem voru samtímis honum í söttkví. Þaðan barst veikin um landið og lamaði vöðlaupagreinina í hálf ár. Þeir eru enn ekki búnir að jafna sig á því og nú er í raun búið að stöðva allan innflutning á vöðlaupahestum og heimsóknir erlendra hesta. Auk þess hefur þátttaka ástralskra hesta í vöðlaupum utanlands verið bundin því skilyrði að hestar sem fara úr landi og koma aftur þurfa að fara í tveggja mánaða söttkví.“

Strangar sjúkdómavarnir

Blaðamaður rífar upp frásagnir Valdimars Einarssonar frá Nýja-Sjálandi af ströngum reglum sem þar gilda um innflutning á búvörum og dýrum. Ern reglurnar svipaðar í Ástralíu?

„Já, það má segja að meginregl-



Lindsey O'Brien og Sólveig Einarssdóttir við Tjörnina í Reykjavík á milli jóla og nýárs en þar voru þau ásamt barnabörnunum að gefa öndunum.

an sé sú að innflutningur búvara er bannaður í báðum löndum. En úr því þú nefnir Nýja-Sjáland þá varð sú hugsun ráðandi í landbúnaðar-ráðuneytinu þar í landi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar að það væri ekki til neins að halda uppi sjúkdómavörnum og söttkví vegna þess að allir sjúkdómar myndu hvort eð væri berast til landsins fyrir eða síðar. Þeir opnuðu því allt upp á gátt og uppskárú ýmsa nýja sjúkdóma. Vissulega blómstruðu viðskipti með búvörur en samt endaði þetta með því að um síðustu aldamót var farið að setja á söttkví aftur og nú eru reglurnar um innflutning orðnar jafnstrangar og hjá okkur ef ekki harðari.“

Þessi staða er athyglisverð, ekki síst í ljósi þess að Ástralíur og Nýsjálendingar tilheyra þeim ríkja-hópi sem vill ganga lengst í afnámi allra innflutningstolla og stuðnings við landbúnað. Hvernig fer þetta saman?

„Jú, það er rétt og við liggjum undir heilmiklu ámæli út af þessu. Til þess að geta haldið uppi sjúkdómavörnum þurfum við að rökstyðja aðgerðir okkar og sýna fram á að þær styðji við vísindalegar rannsóknir. Að öðrum kosti erum við sakaðir um að beita söttkví sem tæknilegri viðskiptahindrun.“

Nýsjálendingar hafa áratugum saman reynt að selja okkur epli en við höfum ekki heimilað þau viðskipti vegna þess að sjúkdómur sem nefnist „fireblight“ er landlægur á Nýja-Sjálandi en óþekktur

í Ástralíu. Í raun má draga í efa að innflutningur myndi eyðileggja eplarækt í Ástralíu. Hins vegar eru allar líkur á að hann myndi gera hana óarðbæra vegna þess að ef sjúkdómurinn bærist í áströlsk epli þyrftu bændur að sprauta margfalt meiri varnarefnum en þeir gera núna. Nú nægir að sprauta eplin einu sinni en það þyrfti að gera fjórum eða fimm sinnum ef sjúkdómurinn bærist í þau. Við það myndi útlutningur okkar á eplum til Asíu sennilega stöðvast.“

Kanadammenn hafa án árangurs sóst eftir að fá að flytja inn lax, en okkar mat er að slíkur innflutningur gæti lagt laxeldi okkar á Tasmaníu í rust. Nýlega urðum við hins vegar að leyfa innflutning á svínakjöti frá Kanada og Danmörku vegna þess að þeim tókst að sýna fram á með öyggjandi hætti að sláturdýrin hefðu verið heilbrigð og að hættu á því að sjúkdómar bærust í kjötíð á vinnslu- og flutningsstigi hefði verið útrýmt með ströngu heilbrigðiseftirliti. Nú eigum við í glímu við Tælendinga sem mega flytja inn sobíð kjúklingakjöt en vilja selja okkur ferskt kjöt. Þar erum við að verja innlenda kjúklingaframleiðslu sem hefur vaxið ótrúlega hratt á undanförmum árum.“

Af þessum orðum hins ástralska hveitiræktarfræðings má ráða að það virðist vera hægt að halda uppi jafnum sjúkdómavörnum og stunda jafnframt blómleg alþjóðaviðskipti með búvörur.

—BH

Félagsmálafræðsla

Sýndu hvað í þér býr!

Ungmennafélag Íslands, Bændasamtökin og Kvenfélaga-samband Íslands bjóða félagsmönnum sínum félagsmálafræðslu með námskeiðum um allt land. Markmiðið með námskeiðinu er að efla starf aðildarfélaganna og þjálf einstaklinga til starfa. Þátttakendur fá þjálfun í ræðumennsku og fundarsköpum. Námskeiðin eru öllum opin.

Tekið er við skráningum í síma 568 2929 eða gudrun@umfi.is

Einnig eru upplýsingar á heimasíðu UMFÍ www.umfi.is



www.bondid.is



www.umfi.is



www.kvenfelag.is



LEIÐTOGA SKÓLINN